

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Efni:**

Umsögn Skotveiðifélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Höfsjökulsþjóðgarðs, þingskjal 106 – 106. mál

**Umsögn:**

Á síðustu árum hafa verið stofnaðir tveir þjóðgarðar þ.e. Snæfellsjökulsþjóðgarður og Vatnajökulsþjóðgarður (VJP). Auk þess hefur mikið land verið friðlýst. Má þar sérstaklega nefna Guðlaugstungur norðan Höfsjökuls, en það svæði var áður gjöfult veiðisvæði fyrir þá sem stunda veiðar á heiðagæsum.

Við stofnun þessara þjóðgarða og friðlanda hefur verið gengið hart fram í banna og takmarka verulega veiðar ásamt því að umferð vélknúinna ökutækja eftir þekktum slóðum og þjóðleiðum hefur verið bönnuð. Við stofnun VJP var því lofað á opinberum vettvangi af ráðherrum, alþingis- og embættismönnum að ekki yrðu skertar heimildir til hefðbundinna nytja, eins og t.d. veiða, innan þjóðgarðsins. Við það var ekki staðið sbr. nýlega samþykkt stjórnar- og verndaráætlun VJP, sem fól í sér verulega skerðingu á möguleikum íslenskra veiðimanna til að stunda veiðar innan þjóðgarðsins.

Í ljósi sögunnar mun stofnun Höfsjökulsþjóðgarðs þýða enn meiri skerðingu á frelsi veiðimanna til að nýta náttúru Íslands. Þrátt fyrir að engar stofnvistfræðilegar ástæður liggi að baki veiðibanni er slíkum takmörkunum skellt á fyrirvaralaust og oftast en ekki án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila.

Íslenski heiðagæsastofninn er finnasterkur og rannsóknir sýna að hann hefur aldrei verið stærri. Spyrja má hvort beit gæsanna hafi ekki slæm áhrif á gróðurfar á hálendinu en ljóst er að heiðagæsir sjást nú á mun fleiri stöðum en áður og finnast varpstöðvar nú í öllum landshlutum. Svæðið norðan Höfsjökuls var á sínum tíma friðað vegna núttúrminja en „svona í leiðinni“ var skellt á veiðibanni. Ef stofnun þjóðgarðs á að vera í anda nútíma stjórnunar væri góð byrjun að aflétta veiðibanni á heiðagæsum á umræddu svæði. Í kjölfarið er víst að veiðimenn munu styðja stofnun nýs þjóðgarðs, ef hann verður stofnaður undir formerkum skynsamlegrar nýtingar og veiðar á þeim stofnun sem þola vel veiðar verða heimilar. Þangað til verður SKOTVÍS alfarið á móti stofnun nýs þjóðgarðs á hálendi Íslands, ljóst er að með tilkomu hans verður landlausum veiðimönnum gert enn erfiðara fyrir en áður að ganga til veiða.

Akureyri 26. nóvember 2011

F.h. stjórnar SKOTVÍS  
Elvar Árni Lund - formaður